

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. maí 2021


Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, 641. mál

Þann 24. mars sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Málið mun hafa verið birt í Samráðsgátt stjórnvalda en það var ekki sent Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) til umsagnar af nefndarsviði Alþingis og fór því framhjá samtökunum. Í dag var vakin athygli LL á málinu þar sem það varðar m.a. rekstur lífeyrissjóða.

Með ákvæði í 19. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að breytingum á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 þess efnis að aðilar sem bjóða upp á viðbótartryggingavernd skuli gert skylt að útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við nánari ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpið felur því í sér nýja upplýsingaskyldu á lífeyrissjóði sem bjóða upp á viðbótartryggingavernd og er gert ráð fyrir að lögin taki gildi þann 1. júlí n.k.

Þessi skammti gildistöku tími er óraunhæfur fyrir lífeyrissjóði til að aðlaga starfsemi sína og uppfylla þær kröfur reglugerðarinnar sem verið er að innleiða með lagasetningunni. **Er því vinsamlegast farið fram á að lífeyrissjóðir fái ákveðinn aðlögunarfrest til 1. janúar 2022. Með því móti mun reglugerðin gilda frá sama tíma fyrir fjárfestingar- og verðbréfasjóði sem og aðra aðila sem undir löginn munu falla.**

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri